



# **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti Ýmis ferðamál**

**Ríkisendurskoðun**

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2019

Desember 2020

# Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings 04-559 Ýmis ferðamál fyrir árið 2019.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi fjárlagaliðarins og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur ráðuneytis eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glöggja mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmað fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Ýmis ferðamál var síðast endurskoðaður 2015 vegna ársins 2014.

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur .....</b>	<b>2</b>
<b>1 Ábendingar og athugasemdir .....</b>	<b>4</b>
<b>2 Fjárveiting og rekstur .....</b>	<b>5</b>
2.1 Fjárveitingar.....	5
2.2 Rekstraráætlun .....	5
2.3 Niðurstöður/ábendingar .....	6
<b>3 Innra eftirlit .....</b>	<b>7</b>
3.1 Inngangur.....	7
3.2 Umfjöllun.....	7
3.3 Niðurstöður/ábendingar .....	7
<b>4 Endurskoðun rekstrarliða.....</b>	<b>8</b>
4.1 Rekstrartekjur.....	8
4.2 Rekstrargjöld.....	8
4.3 Niðurstöður/ábendingar .....	10
<b>5 Endurskoðun efnahagsliða .....</b>	<b>11</b>
5.1 Eignir .....	11
5.2 Eigið fé og skuldir .....	11
5.3 Niðurstöður/ábendingar .....	11
<b>6 Önnur atriði .....</b>	<b>12</b>
6.1 Samþykkt ársreiknings .....	12
6.2 Staðfestingarbréf stjórnenda.....	12
6.3 Lögfræðibréf.....	12
6.4 Óhæðisyfirlýsing .....	12

# 1 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum en í samskiptum við ráðuneyti hefur komið fram að tekið verði tillit til þeirra:

## Flugþróunarsjóður

1

Ríkisendurskoðun bendir á að æskilegt væri að haldið væri utan um fjárveitingu til Flugþróunarsjóðs á viðfangi sjóðsins í fjárhagsbókhaldi.

2

## Ákvæði samninga um greiðslur

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að gæta þarf samræmis milli ákvæða í samningum um greiðslumynt og þeirrar myntar sem greitt var í.

## 2 Fjárveiting og rekstur

### 2.1 Fjárveitingar

Fjárveiting<sup>1</sup> í fylgiriti með fjárlögum ársins nam 1.017,6 m.kr. vegna fjárlagaliðar 04-559 Ýmis ferðamál. Fjárlagaliðurinn fellur undir málefnaflokk 14.10 Ferðaþjónusta. Fjárveiting á fjárlagaliðnum er til rannsókna, markaðs- og kynningarmála í ferðaþjónustu. Fjárveitingar á fjárlagaliðnum skiptist í rekstrarframlög og rekstrartilfærslur.

#### 2.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting til Ýmissa ferðamála samkvæmt fylgiriti fjárlaga ársins 2019 nam 1.017,6. Gengisbætur námu 5,7 m.kr. og 8,0 m.kr. voru millfærðar á fjárlagalið 04-551 Ferðamálastofa vegna framkvæmda á húsnæði Ferðamálastofu. Endanleg fjárveiting fyrir árið 2019 nam því 1.015,3 m.kr. en 192,6 m.kr. eru vegna rekstrarframlaga og 821,7 eru vegna rekstrartilfærslna.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árunum 2019 og 2018:

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2019

Í þús. kr.	Fjárveiting 2019	Rekstur 2019	Frávik 2019	Rekstur 2018
Rekstrartekjur	0	-7.516	7.516	-4.703
Launagjöld	1.000	2.350	-1.350	894
Rekstrargjöld	192.600	35.479	157.121	166.013
Rekstrartilfærslur	821.700	823.799	-2.099	564.303
<b>Samtals</b>	<b>1.015.300</b>	<b>854.112</b>	<b>161.188</b>	<b>726.507</b>

Rekstrargjöld fjárlagaliðarins námu 854,1 m.kr. eða 161,2 m.kr. lægri en fjárveiting ársins eða um 15,9%. Rekstrartekjur hækka um 2,8 m.kr., milli ára, launagjöld hækka um 1,5 m.kr., rekstrargjöld lækka um 130,5 m.kr. og rekstrartilfærslur hækka um 259,5 m.kr.

#### 2.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til gerðar rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega sé fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Samkvæmt ráðuneytinu var rekstraráætlun fjárlagaliðarins „Ýmis ferðamál“ skráð í nýtt kerfi AKRA fyrir fjárhagsárið 2019 og voru gjöld og framlög stemmd af þannig að niðurstaða

<sup>1</sup> Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál eru ráðstöfun fjárhheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. (En fjárhheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í

fjárlögum og fjáraukalögum til ráðstöfunar á opinberu fé til málaefnasviðs og málflokka).

endaði á nálli þ.e. hvorki afgangur eða halli. Þannig var áætlun lesin úr AKRA inn í Orra án athugasemda. Niðurstaða rekstraráætlunar í Orra sýnir hins vegar 805,5 m.kr. rekstrahalla fyrir árið 2019 þar sem gögn virðast ekki hafa skilað sér að fullu úr AKRA áætlanakerfinu yfir í Orra. Tekjuafgangur fyrir fjárhagsárið 2019 var 161,2 m.kr.

### 2.3 Niðurstöður/ábendingar

Tekjuafgangur ársins 2019 nam 161,2 m.kr. sem kemur til hækkunar höfuðstóls. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins en skoða þarf lestur á milli tölvukerfanna AKRA og Orra og tryggja að gögn flyttist með réttum hætti milli kerfa.

Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins en skoða þarf lestur á milli tölvukerfanna AKRA og Orra þannig að tryggt sé að gögn skili sér að fullu i í Orra.

## 3 Innra eftirlit

### 3.1 Inngangur

Ráðuneytisstjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum. Ríkisendurskoðun ber samkvæmt lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 3.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneyti er almenna reglan sú að gerðir eru samningar um þau verkefni sem greidd eru af fjárlagaliðnum samkvæmt fjárveitingu frá Alþingi. Styrkir úr Flugþróunarþjóði eru auglýstir. Fagskrifstofur eru ábyrgar fyrir samningagerð og eru samningar yfirfarnir af skrifstofustjóra fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu. Skrifstofustjórar og í einhverjum tilfellum ráðherra skrifa undir samninga. Við endurskoðun var úrtak fylgiskjala og skráning afgreiðslu skoðað og var ekki annað séð en að farið væri eftir verkferlum, skráningu og skjölun gagna gerð af metnaði. Reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Skipurit er til fyrir ráðuneytið. Ráðuneytið er í bókhalds- og greiðslupjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

### 3.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun á virkni innra eftirlits atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis vegna fjárlagaliðarins er án ábendinga.



## 4 Endurskoðun rekstrarliða

**Tafla 2 Rekstraryfirlit 2019**

Í þús. kr.	2019	2018	Breyting
<b>Tekjur</b>			
Rekstrarframlög	7.516	4.703	2.813
<b>Alls tekjur</b>	<b>7.516</b>	<b>4.703</b>	<b>2.813</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld	2.350	894	1.456
Annar rekstrarkostnaður	375	1.885	-1.510
Aðkeypt þjónusta	35.105	164.128	-129.023
Til ríkisstofnana A-hluta	171.108	171.579	-471
Til sveitarfélaga	14.100	0	14.100
Til fyrirtækja og atvinnuvega	382.016	349.748	32.268
Til einstaklinga, samtaka og heimila	181.950	37.742	144.208
Til erlendra aðila	74.625	5.234	69.391
<b>Alls gjöld</b>	<b>861.629</b>	<b>731.210</b>	<b>130.419</b>
Framlag ríkissjóðs	1.015.300	801.700	213.600
Rekstrarrafkoma	161.187	75.193	85.994

Niðurstaða rekstrarreiknings árið 2019 að meðtöldu framlagi ríkissjóðs nam 161,2 m.kr. og er það 86 m.kr. hærra niðurstaða en árið áður. Rekstrargjöld námu 861,6 m.kr. og hækkuðu um 130,4 m.kr. frá fyrra ári eins og kemur fram í meðfylgjandi töflu:

### 4.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur námu 7,5 m.kr. árið 2019 en um er að ræða greiðslur vegna verkefnisins „Nordic Tourism Policy Analysis“ sem unnið er í samstarfi við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar sem kostar verkefnið.

### 4.2 Rekstrargjöld

#### 4.2.1 Launagjöld

Laun og launatengd gjöld námu 2,4 m.kr. og hækkuðu um 1,5 m.kr. frá fyrra ári. Ástæða hækunar er röng bókun á „Ýmis ferðamál“ (1,9 m.kr.) sem átti að bókast á „Framkvæmdasjóð ferðamannastaða“. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytis er búið að leiðréttu framangreint fyirkomulag þannig að launagjöld eru rétt færð árið 2020. Launagjöld vegna fjárlagaliðarins „Ýmis ferðamál“ (0,5 m.kr) voru vegna nefndrastarfa í Flugþróunarsjóði.

#### 4.2.2 Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður lækkar um 1,5 m.kr. á milli ára og er vegna fargjalda, bifreiðakostnaðar, rekstrarvara og vaxta. Endurskoðun fór fram með skoðunum og var án athugasemda.

#### 4.2.3 Aðkeypt þjónusta

Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu nam 35,1 m.kr. og lækkar um 129 m.kr. frá fyrra ári. Helstu kostnaðarliðir eru vegna ráðgjafar tengd ferðamálum, innviðum og umhverfi. Endurskoðun fór fram með rýni á

samningum og úrtaksskoðunum á fylgiskjöldum og fyrirspurnum og var án athugasemda.

#### **4.2.4 Til ríkisstofnana A-hluta**

Greiðslur til ríkisstofnana í A-hluta námu 171,1 m.kr og lækkar um 0,5 m.kr. á milli ára. Greiðslur eru m.a. til Sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu vegna heimagingistarvaktar, Vegagerðarinnar vegna uppsetningar og reksturs tímabundinna salernisaðstöðu á áningaráðuneytum, Ferðamálastofu vegna talningar ferðamanna og umhverfisráðuneytis vegna samstarfs um uppbyggingu innviða. Endurskoðun fór fram með greiningum, rýni á samningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og var án athugasemda.

#### **4.2.5 Til sveitarfélaga**

Greiðslur til sveitarfélaga námu 14,1 m.kr. en voru engar árið áður. Greiðslur eru til samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi til styrktar sóknaráætlun Vesturlands og til Djúpavogshrepps vegna hálfrað stöðu ferða- og menningarfulltrúa. Endurskoðun fór fram með úrtaksskoðunum og var án athugasemda.

#### **4.2.6 Til fyrirtækja og atvinnuvega**

Greiðslur til fyrirtækja og atvinnuvega námu 382 m.kr. hækkuðu um 32,3 m.kr. á milli ára. Greiðslur eru m.a. til Íslandstofu vegna kynningar og markaðsstarfa, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins vegna þjónustusamnings um Hæfnissetur ferðaþjónustu, Rekstrarfélags Stjórnstöðvar s.f. vegna framlags til Stjórnstöðvar ferðamála, Austurbrú og Markaðsskrifstofu Norðurlands vegna styrks úr flugþróunarsjóði – markaðspróunarardeild.

Flugþróunarsjóður hefur það að markmiði að styðja við uppbyggingu nýrra flugleiða til Íslands þannig að koma megi á reglulegu millilandaflugi um alþjóðaflugvellina Akureyri og Egilsstaði. Flugþróunarsjóður er vistaður hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og fékk sjóðurinn tímabundna fjárveitingu árið 2017 til þriggja ára og var sjóðurinn vistaður á fjárlagalið 04-559 Ýmis ferðamál á sér viðfangi þar sem útgjöld sjóðsins eru bókuð.

Framvindan hefur ekki verið með þeim hætti sem vonir stóðu til en samkvæmt upplýsingum ráðuneytis er talið mikilvægt að hafa aðgengi að fjármunum til að styðja við það verkefni að laða að erlenda ferðamenn út á land. Fjárveitingar eru ekki bókaðar á viðfangsefni. Æskilegt væri að haldið væri utan um fjárveitingar með sama hætti í bókhaldi þar sem allt fjármagnið var ekki nýtt á þessum þremur árum en verið er að nýta það áfram og því hluti af höfuðstól sem fluttur er á milli ára.

Endurskoðun fór fram með greiningum, rýni á samningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og var án athugasemda en ábending er um að haldið sé sérstaklega utan um fjárveitingar Flugrekstrarsjóðs í fjárhagsbókhaldi.

#### **4.2.7 Til einstaklinga, samtaka og heimila**

Greiðslur til einstaklinga, samtaka og heimila námu 182 m.kr. og er aukning um 144,2 m.kr. frá fyrra ári. Helstu greiðslur eru til Íslandsstofu vegna markaðs- og kynningaverkefnis „Ísland allt árið“ og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar vegna öryggismála og slysavarna ferðamanna undir merkjum „Safetravel“. Endurskoðun fór fram með greiningum, rýni á samningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og var án athugasemda.

#### **4.2.8 Til erlendra aðila**

Greiðslur til erlendra aðila námu 74,6 m.kr og er aukning um 69,4 m.kr. frá fyrra ári. Um er að ræða styrki úr Flugþróunarsjóði til erlendra ferðaþjónustuaðila vegna markaðssetningar og leiðarþróunar flugs til Akureyrar og Egilsstaða. Við endurskoðun kom fram að samningur um styrk var gerður í íslenskum krónum en greiðsla hans fór fram í öðrum gjaldeyri.

Endurskoðun fór fram með greiningum, rýni á samningum, skoðunum og fyrirspurnum og var án athugasemda en Ríkisendurskoðun vekur jafnframt athygli á að gæta þess að greiðslur séu í samræmi við ákvæði samninga og þar með talið í þeirri mynt sem ákvæði þeirra gera ráð fyrir

### **4.3 Niðurstöður/ábendingar**

Almennt er vel haldið utan um gögn, verkferlum fylgt og skýrar lýsingar í færslum. Endurskoðun rekstrargjálfa er án athugasemda en eftirfarandi ábendingar eru gerðar:

Ríkisendurskoðun bendir á að æskilegt væri að haldið væri utan um fjárvéitingu til Flugþróunarsjóðs á viðfangi sjóðsins í fjárhagsbókhaldi.

Ríkisendurskoðun bendir á að gæta þarf samræmis milli ákvæða í samningum um greiðslumynt og framkvæmd greiðslu.

# 5 Endurskoðun efnahagsliða

Í lok árs námu eignir 633,9 m.kr., skuldir námu 175,2 m.kr., og höfuðstóll nam 458,7 m.kr.

**Tafla 3 Efnahagsreikningur 31. desember 2019**

Í þús. kr.	31.12 2019	31.12 2018	Breyting
<b>Eignir</b>			
Ríkissjóður	633.853	424.200	209.653
<b>Eignir alls</b>	<b>633.853</b>	<b>424.200</b>	<b>209.653</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Höfuðstóll	458.701	297.513	161.188
Viðskiptaskuldir	175.152	126.687	48.465
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>633.853</b>	<b>424.200</b>	<b>209.653</b>

## 5.1 Eignir

### 5.1.1 Ríkissjóður

Staða gagnvart ríkissjóði nam 633,9 í árlok 2019 samanborið við 424,2 m.kr. í árslok 2018.

## 5.2 Eigið fé og skuldir

### 5.2.1 Höfuðstóll

Eigið fé fjárlagaliðarins nam 458,7 m.kr. ái árlok 2019 samanborið við 297,5 m.kr. í árslok 2018 eða aukning um 161,2 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2019.

### 5.2.2 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir námu 175,2 m.kr. á árinu 2019 samanborið við 126,7 m.kr. árið áður eða aukning um 48,5 m.kr.

Helstu viðskiptaskuldir í árslok voru gagnvart fyrirtækjum og stofnunum svo sem Vegagerð, Sýslumanní á höfuðborgarsvæðinu, Markaðsstofu Norðurlands, erlendum ferðabjónustuaðilum o.fl. 101,6 m.kr. Við endurskoðun voru greiðslur í ársþyrjun 2020 til greiðslu viðskiptaskulda yfirfarnar án athugasemda.

Aðrar skuldbindingar voru 59,7 m.kr. skuldbinding gagnvart Íslandsstofu sem eru eftirstöðvar samnings um kynningar og markaðsstarf á sviði ferðamála. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneyti hafa á árinu 2020 verið greiddar 15 m.kr. og verður ekki um frekari greiðslur að ræða samkvæmt samningnum. Heildarfjárhæð samnings var því ekki nýtt og verða eftirstöðvar bakfærðar á árinu 2020. Einnig var um að ræða skuldbindingar gagnvart Ferðamálastofu 10,5 m.kr. og Umhverfisstofnun 3,3 m.kr.

## 5.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun efnahagsliða er án athugasemda.



## 6 Önnur atriði

### 6.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur fjárlagaliðarins 04-559 Ýmis ferðamál var rafrænt undirritaður af skrifstofustjóra skrifstofu ferðamála og nýsköpunar fyrir hönd ráðuneytis þann 8. september 2020.

### 6.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til ráðuneytisins af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af skrifstofustjóra skrifstofu ferðamála og nýsköpunar fyrir hönd ráðuneytis þann 7. september 2020.

### 6.3 Lögfræðibréf

EKKI var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi fjárlagaliðir fyrir árið 2019 og samkvæmt

upplýsingum í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi fjárlagaliðinn.

### 6.4 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá fjárlagalið 04-559 Ýmis ferðamál.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 569-7100  
[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)